

Ársreikningur Jeratúns ehf. árið 2019

Ársreikningur Jeratúns ehf. er gerður í samræmi við nýja og endurbætta staðla (IFRS/IAS) og túlkanir (IFRIC).

Ársreikningur Jeratúns ehf. fyrir árið 2019 var staðfestur af stjórn félagsins í dag, 27. mars 2020.

Jeratún ehf. er einkafyrirtæki í eigu Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar, Snæfellsbæjar og Stykkishólmsbæjar og bera þau ábyrgð á skuldbindingum þess. Hlutverk félagsins er bygging og rekstur skólahúsnæðis Fjölbautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði. Starfsemi félagsins flokkast því undir að vera á vettvangi sveitarfélaga.

Hagnaður félagsins á árinu 2019 var 35.074 þús. kr. og í lok þess var eigið fé jákvætt sem nemur 255.446 þús. kr. skv. ársreikningi. Stjórnin mun ekki leggja til við hluthafafund félagsins að hlutafé verði aukið.

Stjórn félagsins vekur athygli á áritun óháðs endurskoðanda sem er með ábendingu.

Lántaka félagsins er vegna fjármögnunar framkvæmda við Fjölbautaskóla Snæfellinga. Sveitarfélögin ásamt ríkinu greiða húsaleigu sem á að standa undir afborgunum og vöxtum af lánum. Í lok ársins námu eftirstöðvar lána um 186 millj. kr. og voru eftirstöðvar í skilum. Sveitarfélögin bera hlutfallslega ábyrgð á greiðslu lánanna.

Félagið er með leigusamning við Menntamálaráðuneytið og sveitarfélögin á Snæfellsnesi vegna fasteignarinnar til 31. júlí 2024. Núverandi leigugreiðslur eru 67.108 þús. kr. á ársgrundvelli og eru verðtryggðar með vísitölu neysluverðs.

Jakob Björgvin Jakobsson, er stjórnarformaður Jeratúns ehf. og veitir frekari upplýsingar um starfsemi þess og stöðu.

Jeratún ehf.

Lykiltölur úr ársreikningum 2015-2019

Rekstrarreikningur	2019	2018	2017	2016	2015
Tekjur	67.018	64.934	63.454	62.403	61.356
Rekstrargjöld	-7.017	-6.208	-7.302	-6.216	-6.884
Afskriftir	-4.495	-4.369	-4.358	-4.343	-4.325
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-15.608	-19.527	-18.837	-22.437	-25.180
Hagnaður fyrir skatta	39.898	34.830	32.957	29.407	24.967
Tekjuskattur	-4.824	0	0	0	0
Hagnaður ársins	35.074	34.830	32.957	29.407	24.967
Efnahagsreikningur					
Fastafjármunir	425.801	420.715	425.085	428.059	428.933
Veltufjármunir	32.931	29.345	23.328	21.030	22.116
Eignir samtals	458.732	450.060	448.413	449.089	451.049
Eigið fé	255.446	216.372	173.542	130.585	93.178
Langtímaskuldir og skuldbindingar	150.011	181.094	222.857	265.716	305.960
Skammtímaskuldir	53.275	52.594	52.014	52.788	51.911
Eigið fé og skuldir samtals	458.732	450.060	448.413	449.089	451.049
Yfirlit um sjóðstreymi					
Handbært fé frá (til) rekstri	43.411	45.917	41.185	45.476	28.112
Fjárfestingahreyfingar	0	0	-1.384	-3.468	0
Fjármögnunarhreyfingar	-45.449	-39.927	-36.902	-38.028	-27.194
Handbært fé í árslok	27.238	29.276	23.287	20.388	16.408
Kennitölur					
Veltufjárhlutfall	0,62	0,56	0,45	0,40	0,43
Eiginfjárhlutfall	55,69%	48,08%	38,70%	29,08%	20,66%